

32. háskólaþing Háskóla Íslands

haldið 17. janúar 2024

Dagskrá

Kl. 13.00-13.05	Rektor setur háskólaþing og fer yfir dagskrá og tímaáætlun og gerir grein fyrir fundargögnum (5 mín.).
Kl. 13.05-13.25	<u>Dagskrárliður 1.</u> Rektor reifar mál sem eru efst á baugi hjá Háskóla Íslands (20 mín.).
Kl. 13.25-14.25	<u>Dagskrárliður 2.</u> Drög að þróunaráætlun fyrir svæði Háskóla Íslands (60 mín.). Málsmeðferð: a) Inngangur. Hrund Ólöf Andradóttir, prófessor og formaður skipulagsnefndar Háskóla Íslands (10 mín.). b) Drög þróunaráætlunar Háskóla Íslands. Orri Steinarsson, arkitekt og borgarskipulagsfræðingur, eigandi JVST í Rotterdam (20 mín.). c) Umræður (30 mín.).
Kl. 14.25-14.40	Kaffihlé (15 mín.)
Kl. 14.40-15.45	<u>Dagskrárliður 3.</u> Stjórnun bílastæða á lóð Háskóla Íslands (65 mín.). Málsmeðferð: a) Rekstur bílastæða við Háskóla Íslands. Kristinn Jóhannesson, sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs (20 mín.). b) Umræður (45 mín.).
Kl. 15.45	Rektor slítur háskólaþingi

Kl. 13.00-13.05

Setning háskólaþings

Rektor setti háskólaþing og bauð þingfulltrúa velkomna. Greindi hann frá því að þetta væri 32. háskólaþing Háskóla Íslands, en fyrsta háskólaþing, sem þá hét háskólafundur, var haldið 4.-5. nóvember 1999 og var viðfangsefni þess að móta sameiginlega vísinda- og menntastefnu fyrir Háskóla Íslands. Haldnir voru 25 háskólafundir, en árið 2008 var nafninu breytt í „háskólaþing“ og er þetta, eins og áður sagði, 32. þingið, eða ef allt er talið hið 57. Áformað var að halda þetta háskólaþing fyrir jól, en þar sem vinnan við undirbúning þeirra mála sem eru á dagskrá þingsins tafðist var þinginu frestað fram yfir áramót. Annað háskólaþing verður haldið síðar á þessu vormisseri.


Háskólaþing er haldið í samræmi við [lög um opinbera háskóla nr. 85/2008](#) og [reglur um skipan og fundarsköp háskólaþings nr. 984/2008 með síðari breytingum](#). Háskólaþing er samráðsvettvangur háskólasamfélagsins þar sem fram fer umræða um þróun og eflingu Háskóla Íslands. Þingið fjallar um og tekur þátt í að móta sameiginlega stefnu Háskóla Íslands að frumkvæði rektors. Háskólaráð getur leitað umsagnar háskólaþings um hvaðeina sem varðar starfsemi Háskóla Íslands og ráðið getur einnig falið þinginu umfjöllun um fagleg málefni og akademíska stefnumörkun. Háskólaþing er ályktunarbært um þau málefni sem það telur að varði hag háskólasamfélagsins.






Á háskólaþingi eiga fast sæti rektor, forsetar fræðasviða, deildarforsetar og kjörnir fulltrúar fræðasviða, fulltrúar helstu stofnana Háskóla Íslands og samstarfsstofnana hans, kennarafélaga og stúdenta auk fulltrúa starfsmanna stjórnsýslu og fulltrúa úr háskólaráði. Tæplega 100 manns sitja háskólaþing að þessu sinni.

Fundargerð síðasta háskólaþings, sem haldið var 26. apríl sl., var send fulltrúum á háskólaþingi. Engar athugasemdir bárust við fundargerðina og skoðast hún því samþykkt.

Loks fól rektor Magnús Diðrik Baldurssyni, skrifstofustjóra rektorsskrifstofu, að vera fundarritari.

Kl. 13.05-13.25 Dagskrárliður 1 Rector reifar mál sem eru efst á baugi hjá Háskóla Íslands





Heildarsýn fyrir svæði HÍ

- Markmið að skapa vistlegan „kampus“ með fólk í forgrunni



- Aðlaðandi, fjölbreytt og sjálfbært borgarhverfi, þar sem byggingar raða sér meðfram garði og gengið/hjólað/skutlast er milli bygginga



Þróunaráætlun

- Tekur mið af stefnumarkandi skjölum Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar
- Áherslur á
 - Opinn og alþjóðlegur háskóli
 - Góður vinnustaður
 - Gæði og góða landnýtingu
 - Sjálfbærni og fjölbreytileiki



Þróunaráætlunin skerpir á staðaranda og séreinkennum

Áhrifaríkur arkitektúr sem veitir innsýn í byggingarsögu Íslendinga



Viðhalda sjónásnum milli kennileita



- Sterkur grunnur fyrir örvandi náms og starfsumhverfi

Lögð er áhersla á fjölnota, hágæða almenningssými

Styrkja þarf almenningssými og heildarbrag



- Víkja frá lóðarmiðaðri uppbyggingu
- Fækka bílum á yfirborði

Teygja hágæða Skeifu- og vatnsmýrargarð inn í byggð



- Grænn garður með breiðum hjóla og gönguvelgum, forgum, ljómaðstöðu

Bættar samgöngur til og innan svæðis

Draga úr hindrunum



Nýta Borgarlínuna



og vistvænar samgöngur



- Jafnræðis gætt milli mismunandi samgöngumóta
- Aðgengi fyrir alla (alhliða hönnun)

Þéttling byggðar og virkar jarðhæðir

Þétt, samofin kjarnastarfsemi



- Styttri vegalendir milli bygginga
- Aðlaðandi dvalarsvæði milli bygginga
- Gönguleiðir innar- sem utandyr

Jarðhæðir



- Byggingar leiti út á við og bjóði fólk velkomið


Mikil uppbygging framundan á næstu árum

- Vísindagarðir Háskóla Íslands
 - Djúpteknikjarni og Víska
 - Randbyggð
- Flutningur Menntavísindavíðs í Sögu
- Nýtt hjú Heilbrigðisvísindavíðs í tengslum við Landspítala
- Fyrsti áfangi Borgarlínu
- Norðurslóðasetur
- Mikilvægt að þróun reita taki mið af þeirri heildarsýn sem lögð er fram í þróunaráætlun



Verkefni framundan 2024

- Í dag er þróunaráætlunin kynnt á háskólaþingi
- Áætlunin verður tekin fyrir hjá umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkurborgar
- Í kjölfarið verður þróunaráætlunin lögð fyrir háskólaráð til afgreiðslu
- Skipulagsnefnd vinnur áfram að því að raungera verkefnið
 - Framkvæmda- og kostnaðaráætlun
 - Fjármögnun framkvæmda



Dæmi um skipulagsferli NTNU háskólans



Takk fyrir

Háskóli í hjarta borgar og friðlands
Myndir: KI

Næst tók til máls Orri Steinarsson, arkitekt og borgarskipulagsfræðingur, eigandi JVST í Rotterdam, og kynnti hann með hjálp fjarfundabúnaðar drög að þróunaráætlun fyrir svæði Háskóla Íslands.

Að kynningum loknum gaf rektor orðið laust.

Almennt voru þau sem til máls tóku ánægð með kynningarnar og þá metnaðarfullu framtíðarsýn sem mótuð hefur verið fyrir svæði Háskóla Íslands.

Í umræðunni var m.a. bent á mikilvægi þess að við hönnun og gerð mannvirkja verði fylgt viðurkenndum viðmiðum um algilda hönnun.

Spurt var hvort í ferlinu við gerð þróunaráætlunarinnar hafi verið dregið úr áherslunni á að auðvelda þverun Suðurgötu, einkum fyrir gangandi umferð.

Einnig var spurt hvaða áhrif væntanlegur flutningur Menntavísindasviðs í Sögu hafi á heildarskipulag háskólasvæðisins.

Formaður sjálfbærninefndar Háskóla Íslands lýsti áhuga á að nefndin fái þróunaráætlunina til rýni svo tryggja megir að hún taki mið af sjálfbærniáherslum.

Formaður skipulagsnefndar þakkaði fyrir góðar spurningar og ábendingar og sagði þróunaráætlunina lýsa almennt framtíðarsýn sem síðan á eftir að útfæra, m.a. með deiliskipulagi. Ýmsar áskoranir fylgja þessu verkefni, t.d. hafi þurft að kljást við þann mikla landhalla sem er á milli vestur- og austurhluta háskólasvæðisins. Eitt meginþema þróunaráætlunarinnar er hringgarður sem tengir saman svæðið og býður upp á góðar göngu- og hjólaleiðir. Varðandi spurninguna um Suðurgötu sagði formaðurinn að það hafi síður en svo verið dregið úr áherslunni á þverun hennar. Gert er ráð fyrir að Suðurgata verði lykilleið Borgarlínunnar um leið og akreinum fyrir bíla verður fækkað og gatan gerð að vistgötu sem auðvelt er að þvera svo hún verður ekki sá farartálmi sem hún er nú.

Sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs svaraði spurningunni um Sögu og sagði að byggingunni fylgdu stórar lóðir. Þróunaráætlunin gerir almennt ráð fyrir að bílastæðum muni fækka en ráðgert er að bílastæðahús komi í staðinn um leið og lögð verður áhersla á að bæta aðgengi.

Formaður skipulagsnefndar sagðist fagna því að einstakar nefndir, s.s. sjálfbærninefnd og samtök nemenda, lýstu áhuga á aðkomu að þróunaráætluninni.

Orri Steinarsson tók undir ábendingu formanns skipulagsnefndar um landhallann austan Suðurgötu og sagði að hæðarmunurinn sem þarna er sé nú brúður með tröppum sem er ekki í anda algildrar hönnunar. Þar sem áformað er að Borgarlínustöðvar komi er hæðarmunurinn hvað minnstur og þar eru því ákjósanlegir staðir til að fara á milli vestur- og austurhluta svæðisins.

Spurt var hvenær ráðgert er að Borgarlínan verði tekin í gagnið og jafnframt bent á að Vatnsmýrin sé skjóllítið svæði þar sem ákjósanlegt sé að reyna eftir föngum að gera ráðstafanir til að draga úr vindi.

Fleiri tóku í sama streng og sögðu það vera áskorun í tengslum við allt skipulag á Íslandi að hér ríkir norrænt loftslag. Viða á háskólasvæðinu væru miklir vindstrengir, t.d. fyrir framan Aðalbyggingu og þar er lýsingu einnig ábótavant.

Spurt var um stöðu mála varðandi uppbyggingu hjólaskýla og einnig hvort gert sé ráð fyrir aukinni verslun og þjónustu, s.s. apóteki, á háskólasvæðinu.

Orri Steinarsson brást við og sagði að þótt við getum ekki breytt veðurfarinu á Íslandi sé með ýmsum hætti hægt að hafa áhrif á gæði umhverfisins. Gott dæmi um það er Alexandersstígur sem er bæði fallegur og skjólgóður. Nýta má landmótun og gróðursetningu víðar, s.s. á milli háskólasvæðisins og Landspítalasvæðisins. Með því að gera svæðið aðlaðandi fæst fólk frekar til að ganga og hjóla. Annað lítið dæmi um þetta er gróðurhúsið við Norræna húsið. Einnig er mikilvægt að byggingar horfi ekki inn á við heldur út á við, andstætt því sem nú er algengt.

Formaður skipulagsnefndar sagði að þróunaráætlunin geri vistvænum samgöngumátum, s.s. hjólum, skutlum o.s.frv. hátt undir höfði, m.a. í tengslum við Borgarlínuna sem mun gera kleift að fara hratt og þægilega á milli staða. Ekki liggi þó fyrir hvenær Borgarlínan muni komast í gagnið.

Sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs sagði að fyrir fáeinum dögum hafi verið samþykkt breyting á deiliskipulagi svo ráðast megi í gerð hjólaskýla á bak við Aðalbyggingu og við Tæknigarð. Þá er ráðgert að koma upp veglegu hjólaskýli með búningsaðstöðu í tengslum við Sögu.

Rektor þakkaði þingfulltrúum fyrir góðar umræður og sagði mikilvægt að stíga fyrstu skrefin við innleiðingu þróunaráætlunarinnar fljótt. Bætti hann því við að ef þingfulltrúar hefðu frekari athugasemdir og ábendingar væri þeim velkomið að koma þeim á framfæri við formann skipulagsnefndar.

Rektor bar upp svohljóðandi tillögu til ályktunar:

„Háskólaþing Háskóla Íslands fjallaði í dag um þróunaráætlun um framtíðarskipulag háskólasvæðisins sem unnin hefur verið á vettvangi skipulagsnefndar HÍ í samstarfi við Reykjavíkurborg og erlenda ráðgjafa. Háskólaþing tekur undir meginlínur sem skipulagsnefnd hefur lagt og beinir því til nefndarinnar að vinna málið áfram, m.a. í ljósi framkominna sjónarmiða á þinginu og væntanlegri afgreiðslu umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar. Í því felst m.a. að skipulagsnefnd geri á vormisseri 2024 drög að framkvæmda- og tímaáætlun sem lögð verði fyrir háskólaráð til afgreiðslu fyrir lok háskólaársins.“

– Samþykkt samhljóða, en einn sat hjá.

Til máls tóku undir þessum lið, auk rektors, Hrundar Ólafar Andradóttur og Orra Steinarssonar, þau Dagbjört Ósk Jóhannsdóttir, Dagmar Óladóttir, Kristinn Jóhannesson, Júlíus Viggó Ólafsson, Ólafur Ögmundarson, Sigríður Guðmarsdóttir, Sólveig Ása Árnadóttir og Trausti Fannar Valsson.

Kl. 14.25-14.40
Kaffihlé

Kl. 14.40-15.45

Dagskrárliður 3

Stjórnun bílastæða á lóð Háskóla Íslands

Kristinn Jóhannesson, sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs, kynnti tillögu að fyrirkomulagi rekstrar bílastæða á lóð Háskóla Íslands.

Rekstur bílastæða við HÍ, U-passi og samgöngusamningar

Háskólaþing 17. janúar 2024
Kristinn Jóhannesson

FRAMKVÆMDA- OG TÆKNISVIÐ


Bílastæðahópur

- Skipaður var starfshópur um bílastæðamál HÍ í febrúar 2022
- Verkefni hópsins var m.a. að skoða leiðir til að hafa áhrif á þróun samgöngumóta starfsfólks og nemenda í átt að vistvænni samgöngum og minnkandi umferð einkabíla, m.a. með mögulegri gjaldtöku af bílastæðum.



Aðstæður og umhverfi

- Ný þróunaráætlun fyrir háskólasvæðið boðar fækkan bílastæða
- Vistvænn, grænn og mannvænlegur „kampus“ þar sem bílaumferð og bílastæði verða hverfandi stærð í nýtingu lands
- Reykjavíkurborg útvíkkar gjaldsvæði bílastæða
 - T.d. Tjarnargata og Bjarkargata að Hringbraut
- Aðilar í Vatnsmyrinni sem eru í samstarfi við HÍ taka nú þegar gjald af bílastæðum:
 - Landsþítali, Vísindagarðar, Öróska
- Fyrirhugað er að fyrsti áfangi Borgarlinnu liggi um háskólasvæðið
 - Uppbygging stræto með Borgarlinnu mun stórauka möguleika nemenda og starfsfólks á að nýta almenningssamgöngur



Rekstur bílastæða

- Rekstur bílastæða HÍ er ósjálfbær
 - Um 1.700 bílastæði eru á aðalsvæði HÍ
 - Allur kostnaður við reksturinn fellur á HÍ
 - Snjómkatur, söpun, söllun, lýsing, viðhald á slitlagi, málning, eftirlit o.fl.
- Flástölu ógjaldskyld bílastæði ná 100% nýtingu á hánnattíma
- Gjaldskyld stæði við Aðalbyggingu og Gimli ná um 70% nýtingu á hánnattíma
- Ljóst er að utanaðkomandi aðilar nýta sér frí stæði á háskólaöldinni
 - Það sást best á svæðinu við Öskju sem hefur verið lokað af fyrir óviðkomandi með lokunarbómum




Stöðug aukning umferðar

- Vegna mikillar uppbyggingar á Vatnsmyrarsvæðinu mun umferð aukast mjög á svæðinu
- Íbúum Reykjavíkur fjölgar um 90 í viku hverri
- Því er brýnt að stuðla að breyttum ferðavenjum
 - Gjaldtaka fyrir bílastæði er mikilvægur þáttur í þeirri veggferð
- Háskóli Íslands er einn stærsti vinnustaður landsins og hefur því markverð áhrif á umferðina
 - Þar telja bæði starfsfólk og nemendur



Ferðavenjukönnun 1.29. nóvember 2023

- Þau sem ferðast ein í bíl til og frá háskólanum eru:
 - 54% starfsfólks og (55% 2018)
 - 61% nemenda (47% 2018)
- Þau sem ferðast með Strætó eru:
 - 7% starfsfólks og (8% 2018)
 - 14% nemenda (14% 2018)
- Aðrir ferðast með öðrum hætti s.s. gangandi, hjólandi eða með öðrum í bíl
 - 39% starfsfólks og (37% 2018)
 - 25% nemenda (39% 2018)
- Um 70% nemenda koma að jafnaði á háskólasvæðið 3 daga vikunnar eða fleiri



Stefna HÍ – HÍ26

- Markmið: Góður vinnustaður
 - Uppbygging háskólasvæðisins, heilsusamlegt starfsumhverfi og vistvænar samgöngur stuðla að jöfnu aðengi og samheldnu og sjálfbærni samfélags
 - Síðastiðin ár hefur verið umnið að mótun heildstæðrar sjónar fyrir háskólasvæðið sem stýbt við algjörð hönnu og með áherslu á vistvænar samgöngur
- Markmið: Sjálfbærni og fjölbreytileiki
 - HÍ mun sula ábyrgð og taka markvis og afgerandi skref sem stuðla að bættu vinnuumhverfi og starfsdættum sem gera skólann að sjálfbærri stofnun
 - Skólinn verði í forystu í sjálfbærri starfsemi og setji sér mælanleg markmið á sviði kolefnishlutleysis á stefnufimabiliinu sem byggir á markmiðum Íslands í þeim málaflokk
 - Mælikvarðar: Kolefnisfótsop vegna samgöngumóta og starfsemi

Tillaga að rekstri bílastæða og U-passa

- Með það að leiðarljósi
 - að endurbæta núverandi fyrirkomulagi við stýringu bílastæða við HÍ,
 - hvetja til vistvænni ferðamáta,
 - minnka umferð einkabíla um svæðið
 - og styðja við markmið Háskóla Íslands
- eru lagðar fram tvær tillögur að lausn sem fela í sér eftirfarandi:
 - Að innleiðd verði gjaldtaka af bílastæðum, gerður samningur við Strætó um U-passa fyrir nemendur og starfsfólk og breyttur samgöngusamningur fyrir starfsfólk
 - Að innleiðd verði gjaldtaka af bílastæðum með undanþágu fyrir nemendur og starfsfólk á völdum svæðum. Þetta felur í sér að nemendur og starfsfólk geti skráð bifreið sína á lista og greiði hóflegt bílastæðagjald, líkt og áformað er hjá Landspítalanum

Leið A – Almenn gjaldtaka af bílastæðum og U-passi



- Gjaldtöku fyrir bílastæði verði komið á fyrir haustmiseri 2024
 - Gjaldskylda yrði almenn á bílastæðum HÍ milli kl 8:00 og 16:00 á virkum dögum með nauðsynlegum undanþágum s.s. fyrir breyfihamlaða
 - Gjaldsvæði yrðu tvö
 - Annars vegar valin stæði næst byggingum með tímagjald án afsláttar í verðflokki **P2 – 220 kr. pr. klst.**
 - Hins vegar verði önnur stæði í verðflokki **P3 – 100 kr. pr. klst.** eða að hámarki **500 kr. pr. dag.**
- Samið verði við Strætó um U-passi fyrir nemendur og starfsfólk
 - Nemendur fengju **árskort í Strætó á 30.000 kr.**
 - Slíkur samningur myndi kosta HÍ að lágmarki 33,3 m.kr. á ári
- Gerður verði nýr samgöngusamningur fyrir starfsfólk
 - Starfsfólk sem gerir samning um að ferðast til og frá vinnu að lágmarki 40% ferða sinna með vistvænum hætti fengi **árskort í Strætó á 40.000 kr.**
 - Slíkur samningur myndi kosta HÍ að lágmarki 12 m.kr. á ári

Leið A – Kostnaður fyrir nemendur og starfsfólk



- Kostnaður við að leggja í bílastæði á svæði P3
 - Ef bíl er lagt í lágmark 5 klst. alla virka daga (5 daga) vikunnar kostar það um 11.000 kr. á mánuði
- U-passi á 30.000 kr. fyrir nemendur
 - Ótakmarkaðar ferðir með strætó í heilt ár
 - Ef ferðast er 3x í viku með strætó í 8 mánuði kostar ferðin um 145 kr.
- Samgöngusamningur fyrir starfsfólk með árskort í strætó á kr. 40.000,-
 - Ótakmarkaðar ferðir með strætó í heilt ár
 - Ef ferðast er 3x í viku með strætó í 8 mánuði kostar ferðin um 192 kr.

Leið B – Gjaldtaka af bílastæðum með undanþágu



- Gjaldtöku fyrir bílastæði verði komið á fyrir haustmiseri 2024
 - Gjaldskylda yrði almenn á bílastæðum HÍ milli kl 8:00 og 16:00 virka daga með nauðsynlegum undanþágum s.s. fyrir breyfihamlaða
 - Gjaldsvæði yrðu tvö
 - Annars vegar valin stæði næst byggingum með tímagjald án afsláttar í verðflokki **P2 – 220 kr. pr. klst.**
 - Hins vegar verði önnur stæði í verðflokki **P3 – 170 kr. pr. klst.** með undanþágu fyrir nemendur og starfsfólk.
- Nemendur og starfsfólk gætu skráð bifreið sína á lista sem haldið verður utanum og lagt bíl sínum með höflegu gjaldi á sambærilegan hátt og hjá Landspítalanum

Flokkun bílastæða og gjaldsvæði



- Valin bílastæði næst byggingum verða alltaf gjaldskyld líkt og bílastæðin í Skeifunni og við Gimli eru nú
- Auk stæðanna í Skeifunni og við Gimli verði stæði við Lofskeyrastöðina, Háskólabíó, vestan Sögu, vestan Öskju og við Stapa alltaf gjaldskyld (gul svæði á myndinni)
- Gjaldsvæði verði tvö
 - P2 nærstæði – herra gjald (Gul svæði)
 - P3 fjerstæði – lægra gjald



Samantekt



- Innleiðing gjaldtöku fyrir bílastæði getur gegnt mikilvægu hlutverki við að breyta ferðavenjum á háskólasvæðinu
- Þjónusta við gjaldtöku af bílastæðum er áætluð um 4 m.kr. á mánuði eða 48 m.kr. á ári
- Annar kostnaður við rekstur bílastæða er um 54 m.kr.
- Áætlað er að gjaldtaka skv. leið A geti skilað HÍ tekjum til að standa undir öllum kostnaði við rekstur bílastæða
- Gjaldtaka skv. leið B er gæti staðið undir kostnaði af þjónustu við gjaldtöku og undanþágulista

Takk fyrir!

Að kynningu lokinni gaf rektor orðið laust.

Líflegar umræður spunnust um málið. Einn þingfulltrúi sagðist fara allra sinna ferða gangandi eða á rafhjóli og lýsti hann þeirri skoðun sinni að samgöngustyrkur Háskóla Íslands væri lágur og dygði ekki einu sinni fyrir hækkuð árskorts Strætó á milli ára. Til samanburðar fari starfsfólk LSH 5.000 kr. á mánuði.

Fulltrúi Landspítala sagði gjalddöku fyrir bílastæði vera hluta af óhjákvæmilegri þróun. Spítalinn hafi ekki nógu mörg stæði og eitt af því sem þurfi að gera er að koma í veg fyrir að óviðkomandi nýti stæðin. Til viðbótar sjái spítalinn fram á að þurfa að byggja bílastæðahús. Mikilvægt sé að HÍ og LSH verði í samfloti í þessu máli.

Fulltrúi Landsbókasafns – háskólabókasafns tók undir með fulltrúa Landspítala og sagði Þjóðarþókhöllu eiga sameiginlegt bílastæði með Sögu svo ef HÍ og LSH verða í samfloti óski Þjóðarþókhlaðan eftir að vera með í því.

Einn þingfulltrúi sagði það vera skoðun sína að þar sem í leið B í kynningunni sé ekki talað um samgöngustyrki eða niðurgreiðslu á almenningssamgöngum hugnist sér leið A betur ef henni fylgja samgöngustyrkir. Þá spurði fulltrúinn hvenær megi gera ráð fyrir að samgöngustyrkir verði hækkaðir og hvort leið B geri ráð fyrir samgöngustyrkjum.

Annar fulltrúi sagði það vera skoðun sína að innleiðing bílastæðagjalda sé óhjákvæmilegt skref og bætti því við að það væri stílbrot að útvega starfsfólki 8fm skrifstofu og 20 fm bílastæði! Þar sem mikill munur er á veðurfari á sumrum og vetrum vaknaði sú spurning hvort unnt sé að veita U-passa á mánaðargrundvelli frekar en á ársgrundvelli.

Sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs sagði að leið A gerði ráð fyrir almennri gjaldskyldu við HÍ og að allir þurfi að greiða. Tekjurnar verði nýttar til reksturs bílastæðanna og nota megi ávinninginn sem þannig verður til t.d. með samgöngusamningum. Sá samningur sem gert er ráð fyrir í kynningunni miðast við fólk sem notar almenningssamgöngur í a.m.k. 40% tilvika. Varðandi spurninguna um mánaðar- eða ársgrundvöll sé það sjónarmið Strætó að hagstæðast sé að fá fólk á ársgrundvelli, enda þarf að kosta miklu til með vögnum, starfsfólki o.s.frv. Þá svaraði hann spurningu fyrri ræðumanns og sagði að leið B geri ekki ráð fyrir samgöngusamningi.

Rektor sagði það vera tilganginn með því að taka málið upp á háskólaþingi að ræða málið og hlusta á sjónarmið. Í kjölfar þingsins muni háskólaráð fjalla um það og taka ákvörðun. Enn væru lausir endar varðandi útfærslu málsins og mikilvægt að hugsa það til enda og kynna niðurstöðuna vel og tímanlega. Það ætti einnig við mögulegan samgöngustyrk.

Fulltrúi stúdenta sagði að á vettvangi Stúdentaráðs hafi lengi verið talað fyrir U-passa og lögð áhersla á að hann verði ekki dýr. Á fundi fyrri sviðsstjóra framkvæmda- og tæknisviðs fyrir fáeinum árum hafi verið talað um 5.000 kr. og erfitt væri að sjá hvernig sú upphæð væri orðin að 30.000 kr. núna.

Einn fulltrúi sagði hjólaaðstöðu vera bága á háskólasvæðinu og mikilvægt væri að bæta úr því. Hvergi í nágrannalöndum okkar væri bílum og bílastæðum gert jafnhátt undir höfði og hér á landi.

Annar fulltrúi sagði að bílastæðamálið væri rætt ár eftir ár. Það væri staðreynd að bílastæði væru fjarri því ókeypis og kostaði það Háskólann árlega um 40-50 m.kr. að reka þau. Sagði hann það vera frumstætt að tala um þetta sem „viðkvæmt mál“. Málið væri alls ekki viðkvæmt heldur borðleggjandi að Háskólinn drífi í að fara leið A.

Haldið var fram því sjónarmiði að samhliða innleiðingu U-passa eða samgöngusamninga ætti að bjóða fólki að kaupa árskort fyrir bílastæði, t.d. á hærri verði.

Fulltrúi stúdenta sagði að vandinn væri ekki verðið fyrir notkun bílastæðanna, heldur hvort Strætó sé raunhæfur valkostur fyrir alla, s.s. stúdenta sem eru foreldrar eða búa langt í burtu. Þá sagði hann að í kynningunni hafi verið talað um gjald til að skrá bíl á lista, en ekki hafi komið fram hversu hátt gjaldið yrði.

Sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs þakkaði fyrir góða umræðu. Sagði hann það vera góða hugmynd að Þjóðarþókhlaðan verði í samfloti með HÍ og LSH þótt ríkið eigi það bílastæði. Varðandi hjólaskýli sagði hann að til standi að setja eitt slíkt upp við Öskju en ekki hafi fengist heimild frá Reykjavíkurborg. Þá væri verið að undirbúa útboð fyrir tvö hjólaskýli við viðbótar og áformað væri að koma upp aðstöðu fyrir hjólréiðafólk á neðstu hæð Sögu. Ennfremur séu hjólastæði í kjallara Eddu, en ræða þurfi við stjórnendur þar um nýtingu þeirra. Varðandi spurningu eins þingfulltrúa um hvort unnt verði að velja á milli þess að fá samgöngusamning eða U-passa annars vegar og að greiða árgjald fyrir bílastæði hins vegar sagði hann það hafa

þann ókost að í því felist hvati til að nota bara bílinn. Varðandi fjárhæð gjaldsins fyrir skráningu á listann sagði sviðsstjórinn upphæðina ekki liggja fyrir en gert sé ráð fyrir að það verði hóflegt og fyrst og fremst lagt á til að mæta umsýslukostnaði. Spítalinn hefur verið að skoða þessa leið í því sambandi talað um u.þ.b. 1.500 kr. á mánuði. Varðandi samning við Strætó og 5.000 kr. gjaldið sem fulltrúi nemandi vitnaði til sagðist sviðsstjórinn hafa talað við forvera sinn í starfi og lesið fundargerð frá Stúdentaráði. Fyrir liggur að aldrei hefur verið gerður samningur við Strætó og voru þetta aðeins lauslegar hugmyndir sem ekki hafa verið bornar undir stjórnendur HÍ. Afstaða Strætó sé að það sé af og frá að unnt sé að lækka niður í 5.000 kr. Strætó stefnir að því að almennt árskort muni kosta 100.000 kr. og býður Háskóla Íslands að fá þau á 50.000 kr. Ef skólinn niðurgreiðir kortin er hugsanlegt að ná megi verðinu niður í 30.000-35.000 kr.

Fulltrúi Heilbrigðisvísindasviðs sagði að í heilbrigðisvísindum sé iðulega spurt um meðferðarskammtinn eða sársaukamörkin. Á þessu háskólaþingi sé verið að tala um að breyta hegðun og lífsháttum og í því sambandi þurfi að skoða hvar rétt gjald liggur. Einnig tók fulltrúinn undir það sjónarmið að afar mikilvægt sé að HÍ og LSH verði samferða í þessu máli, enda er stór hópur starfsfólks og nemenda starfandi á báðum stöðum.

Spurt var hvort háskólaþing eigi að taka afstöðu á milli leiðar A og B og hvernig staðið verði að því að útfæra málið? Einnig var spurt hvers vegna ekki ætti að gilda það sama fyrir starfsfólk og stúdenta, hvernig verði undanþágum háttað og hvers vegna ekki sé gert ráð fyrir U-passa í leið B.

Einn fulltrúi á háskólaþingi lýsti ánægju með leið A og sagði það vera mikilvægt að útfærslan verði einföld. Einnig sé mikilvægt að hafa U-passann með, hvor leiðin sem verður farin. Loks benti hann á að strætó verður í mikilvægu hlutverki við útfærsluna þurfi að tryggja að kennsla hefjist ekki fyrr en kl. 9, auk þess sem það er hollara að geta sofði aðeins lengur.

Fulltrúi LSH sagði að spítalinn væri ekki með gjalddöku eins og er, en verið væri að skoða málið. Það væri freistandi að horfa til einfaldrar lausnar, en margir lausir þræðir sem hugsa þurfi fyrir. Þegar horft sé til lengri tíma blasi við að ókeypis bílastæði muni senn heyra sögunni til.

Sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs sagði að skv. gjaldskrá Strætó fái nemendur 50% afslátt, auk þess sem HÍ bjóðist meiri afsláttur ef skólinn skuldbindur sig til að kaupa 3.000 árskort. Starfsfólki bjóðist ekki sömu kjör og nemendum, því ef starfsfólk HÍ fái sérkjör muni aðrir vinnustaðir krefjast þess sama og þá væri rekstrargrundvöllur Strætó brostinn.

Rektor sagði það vera rétt að bílastæðamálin hafi verið rædd um árábil, en það væri ekki málefnalegur grundvöllur að vitna í gamla ósamþykktu fundargerð og eitthvað sem sagt var á fundi með Stúdentaráði. Sagði rektor bílastæðamálið vera mannauðsmál, en líka samkeppnismál, t.d. gagnvart öðrum háskólum þar sem ekki eru tekin bílastæðagjöld. Finna þurfi lausn sem er best fyrir samfélagið allt. Við vitum ekki hver niðurstaðan verður, en á þessu háskólaþingi er ekki verið að velja á milli kosta A og B. Framundan sé að taka ákvörðun um meginleiðina á næstu vikum. Leitast verði við að hlusta á öll sjónarmið og svo ákveðið fyrir vorið hvernig staðið verði að málinu svo innleiðing geti farið fram með farsælum hætti í haust.

Sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs bætti því við að þegar komin verði niðurstaða í málið verði hún kynnt nágrönnum HÍ svo bílastæðavandanum verði ekki velt yfir á þá.

Að umræðu lokinni bar rektor upp svohljóðandi tillögu til ályktunar:

„Háskólaþing fjallaði í dag um tillögur um stjórnun og rekstur bílastæða á háskólasvæðinu sem til skoðunar hafa verið um nokkra hríð og unnar hafa verið að tilhlutan framkvæmda- og tæknisviðs, m.a. í samráði við Landspítalann. Til grundvallar liggur þróunaráætlun um framtíðarskipulag háskólasvæðisins sem felur m.a. í sér framtíðarsýn um vistvænar samgöngur. Háskólaþing beinir því til framkvæmda- og tæknisviðs að ganga frá tillögu um framtíðarskipan bílastæðamála til háskólaráðs, m.a. í ljósi framkominna ábendinga og sjónarmiða á háskólaþingi.“

Einn þingfulltrúi kvaddi sér hljóðs og sagði það vera athyglisvert að þótt bílastæðamálin hafi verið rædd árum saman og skoðanir á því skiptar hafi á þinginu ekki komið fram ein einasta mótbára.

Annar þingfulltrúi sagðist ekki hafa tekið þátt í fyrri umræðu og að hann vildi leyfa sér að halda fram einni mótbáru því það liggi fyrir að innleiðing bílastæðagjalda feli í sér kjaraskerðingu. Hann ætti ekki annarra kosta vöð en að koma akandi til vinnu því Borgarlínan væri ekki komin og almenningssamgöngur því ekki valkostur.

Fulltrúi nemenda lýsti áhyggjum af því að bílastæðagjöld muni fæla nemendur frá því að mæta í skólann. Eftir Covid-19-heimsfaraldurinn væru nemendur farnir að mæta sjaldnar í tíma, rekstur Hámu fari versnandi o.s.frv. Því væri mikilvægt að vanda til verka svo fólk velji ekki enn frekar að vera heima í stað þess að koma í skólann út af bílastæðagjöldum. Því legði hún til að útfærsla málsins verði falin bílastæðahópi HÍ.

Fulltrúi Menntavísindasviðs tók undir með fyrri ræðumanni og sagði að nú þegar starfsfólk sviðsins mun flytja í Sögu verði það kjaraskerðing ef ekki verður boðið upp á samgöngusamninga.

Fulltrúi nemenda andmælti því sjónarmiði að þingfulltrúar væri á einu máli um að tímabært sé að innleiða gjaldskyldu strax því Borgarlínan væri ekki komin og góðar almenningssamgöngur því ekki raunhæfur valkostur. Strætó hentaði ekki öllum og stúdentar búi sumir langt í burtu o.s.frv. Mikilvægt sé að taka mið af þessu öllu þegar útfærslan verður valin.

Einn fulltrúi benti á að nemendur Tannlæknadeildar þurfi að vera allan daginn í skólanum og margir þeirra eigi börn. Útilokað sé að þessir nemendur geti allir notað Strætó.

Fulltrúi nemenda kvaddi sér hljóðs og dró til baka fyrri breytingartillögu sína við ályktunartillögu rektors og lagði þess í stað til að bætt verði við orðunum „og í samráði við hagaðila“.

Rektor bar upp breytingartillögu fulltrúa nemenda.

- Samþykkt.

Þá bar rektor ályktunartillögu sína upp svo breytta:

„Háskólaþing fjallaði í dag um tillögur um stjórnun og rekstur bílastæða á háskólasvæðinu sem til skoðunar hafa verið um nokkra hríð og unnar hafa verið að tilhlutan framkvæmda- og tæknisviðs, m.a. í samráði við Landspítalann. Til grundvallar liggur þróunaráætlun um framtíðarskipulag háskólasvæðisins sem felur m.a. í sér framtíðarsýn um vistvænar samgöngur. Háskólaþing beinir því til framkvæmda- og tæknisviðs að ganga frá tillögu um framtíðarskipan bílastæðamála til háskólaráðs, m.a. í ljósi framkominna ábendinga og sjónarmiða á háskólaþingi og í samráði við hagaðila.“

- Samþykkt, en einn var á móti og tveir sátu hjá.

Til máls tóku undir þessum lið, auk rektors og Kristins Jóhannessonar, þau Ásta Jóhannsdóttir, Dagmar Óladóttir, Gauti Kristmannsson, Gylfi Magnússon, Helga Bragadóttir, Ingibjörg Sverrisdóttir, Júlíus Viggó Ólafsson, Ólafur Páll Jónsson, Ólöf Garðarsdóttir, Rakel Anna Boulter, Runólfur Pálsson, Súsanna Margrét Gestsdóttir og Unnur Þorsteinsdóttir.

Fleira var ekki gert og þakkaði rektor öllum sem höfðu framsögu á þinginu og þeim sem tóku þátt í umræðum fyrir þeirra framlag og sleit háskólaþingi kl. 15.45.

Útsend gögn fyrir 32. háskólaþing 17. janúar 2024:

1. Dagskrá 32. háskólaþings 17. janúar 2024.
2. Listi yfir fulltrúa á háskólaþingi.
3. Fundargerð 31. háskólaþings 26. apríl 2023.
4. Drög þróunaráætlunar fyrir svæði Háskóla Íslands.